

Tillaga menningar- íþrótt- og tómstundaráðs og stafræns ráðs fyrir sameiginlegan ráðsfund, 24. apríl 2024.

Tillaga um mannlausa sólarhringsopnun bókasafna

Lagt er til að menningar- og íþróttasviði verði falið að leggja fram tillögu að útfærslu á mannlausri sólarhringsopnun bókasafna þar sem því verður við komið. Settur verður á fót starfshópur með fulltrúum menningar- og íþróttasviðs og þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Stefnt verði að því að hann skili af sér tillögum fyrir árslok 2024.

Greinargerð:

Í samstarfssáttmála Samfylkingar, Framsóknarflokks, Pírata og Viðreisnar frá árinu 2022, kemur fram vilji til að þróa bókasöfn sem upplýsinga-, menningar-, hringrásar- og samfélagsmiðstöðvar. Einnig að áfram verði unnið að því að þróa nýmæli í starfsemi bókasafna og að útfæra skuli mannlausa sólarhringsopnun bókasafna þar sem því verður við komið.

Bókasöfn geta tekið á sig ýmsar myndir og fjölbreytt hlutverk. Á meðan mörg fara á bókasöfn til að fá lánaðar bækur, þá eru sífellt fleiri sem nýta sér fjölbreytta þjónustu safnanna og nýta bókasöfn sem samfélagshús. Bókasöfn litast af umhverfi sínu. Þau hafa mikla aðlögunarhæfni og geta mætt þeim samfélagsþörfum sem umhverfið kallar eftir.

Tillaga þessi miðar að því að auka aðgang að bókasöfnum og styðja við öflugt menningarlíf. Tillagan byggir á nýtingu nútíma öryggis- og tæknikerfa til að tryggja öruggt og aðgengilegt umhverfi fyrir íbúa. Tillagan styður þróun Borgarbókasafnsins í átt að opnu og sjálfbæru samfélagsrými sem einkennist af samsköpun með notendum og tilraunum í þekkingarmiðlun.

Borgarbókasafnið hefur á síðustu árum unnið að því að móta og hrinda í framkvæmd nýrri framtíðarsýn, þar sem bókasöfn eru menningar- og samfélagsmiðjur í hverfum borgarinnar. Nútímabókasafn er athvarf fyrir einstaklinga og fjölskyldur, staður þar sem öll geta dvalið á sínum forsendum og haft jafnt aðgengi að fjölbreyttu rými, upplifun og upplýsingum óháð samfélagsstöðu eða þjóðerni.

Samfélagsleg nýsköpun er að ryðja sér til rúms í meira mæli og kemur ekki aðeins fram í endurbótum á þjónustu heldur einnig í leiðum til að koma til móts við þarfir samfélagsins og í stuðningi borga við umhverfi sem hvetja til samveru, þátttöku og félagslegra tengsla. Bókasöfn gegna þar lykilhlutverki og borgir um allan heim hafa verið, eða eru, að efla starf og endurbæta bókasöfn sem verða samfélagsmiðjur hverfa og borga. Markmið Borgarbókasafnsins er að þróa söfnin þannig að þau þjóni betur þörfum íbúa Reykjavíkur og veiti þeim góða aðstöðu.